

**Nd.** **564. Frumvarp til laga** [266. mál]  
um sykurverksmiðju í Hveragerði.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í hlutafélagi, er reisi og reki sykurverksmiðju í Hveragerði, og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

Málefni sykurverksmiðjunnar heyra undir iðnaðarráðherra.

2. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 29 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. mars 1982 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánnum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 43 milljónum kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt, þó ekki meira en 25% af heildarlánsfjárförf vegna stofnkostnaðar.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.
4. Að leigja hlutafélaginu lóð úr landi ríkisins í Ölfusdal undir verksmiðjubyggingu og tryggja því rétt til nýtingar jarðgufu á jarðgufusvæði í eigu ríkisins í Ölfusdal.

3. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

4. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um öryggi á vinnustað svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Ekki er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í hlutafélagi skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrir en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags.

#### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er stefnt að stofnsetningu sykurverksmiðju í Hveragerði. Reiknað er með að ríkið sé eigandi allt að 40% af hlutafé félagsins. Einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög verði eigendur 60% hlutafjár.

Hugmyndin um byggingu sykurverksmiðju á sér nokkurn aðdraganda. Málið kom til kasta Alþingis vorið 1977, þegar samþykkt var þingsályktunartillaga þess efnis að gerð yrði hagkvæmniathugun á að byggja sykurhreinsunarverksmiðju á Íslandi. Var finnska fyrirtækið Finska Socker AB fengið til að gera skýrslu um málið.

Skýrslan var tilbúin í október 1977. Lagt er til í skýrslunni að framleiða sykur úr melassa og var hér um grundvallarbreytingu að ræða, þar sem áður hafði verið reiknað með að hreinsa hrásykur.

Rófumelassi er tiltölulega ódýrt og vannýtt hráefni, sem fellur til í venjulegum sykurverksmiðjum, sem framleiða sykur úr rófum.

Niðurstöður úr skýrslu Áhugafélags um sykuriðnað hf. og Finska Socker AB frá því í febrúar voru þessar m. a.:

Á árinu 1978 er stofnað Áhugafélag um sykuriðnað hf. Beitti félagið sér fyrir því í samvinnu við Finska Socker AB með stuðningi Norræna iðnaðarsjóðsins að vinna ítarlega skýrslu um sykurvinnslu í Hveragerði.

Skýrslan inniheldur m. a. forhönnun á verksmiðjunni.

Niðurstöður úr skýrslu Áhugafélags um sykuriðnað hf. og Finska Socker AB frá því í febrúar voru þessar m. a.:

1. Það er fullkomlega tæknilegur möguleiki að byggja sykurverksmiðju sem grundvallast á melassahráefni.
2. Það er mögulegt að framleiða fyrsta flokks kristallaðan sykur úr sykurinnihaldi frummelassa með venjulegri kristöllumaraðferð.
3. Sú orka, sem vinnslan þarf á mismunandi stigum, sérstaklega eiming á sykurupplausninni og lokamelassanum, fæst úr jarðgufu. Einnig er hægt að framleiða raforku til eigin þarfa með jarðgufunni.
4. Það er hagkvæmt að velja verksmiðjunni stað í Hveragerði, þar sem nauðsynlegar forsendur fyrir framleiðslu af þessu tagi eru fyrir hendi: vinnuafl, vatn, kælivatn og það, sem er mikilvægast, jarðgufa, en tilraunir sýna, að nægjanleg gufa með heppilegum eiginleikum er fyrir hendi.

5. Núverandi dreifi- og sölukerfi á Íslandi getur séð um dreifingu og sölu á allri ársframleiðslunni, um 10 000 tonnum á ári.
6. Tilraunir sýna, að það er mögulegt að þurrka þann hluta hráefnisins, sem ekki er sykur, hinn svokallaða lokamelassa, og gera úr honum þurrt fóður, svokallað melassamjöl (mjölkennur melassi). Það ætti að vera mögulegt að koma melassamjölinu með tiltölulega skjóttum hætti á markaðinn með hjálp íslensku fóðurblöndunarfyrtækjanna.
7. Á grundvelli tiltölulega nákvæmrar forhönnunar er fjárfesting í verksmiðjunni áætluð um FIM 106 300 000, reiknuð á verðlagi í nóvember 1979. Fjárfestingin nær yfir verksmiðjulóð, verksmiðjubyggingar og vélbúnað, búnað til öflunar og dreifingar á orku, geymslu fyrir hráefni og framleiðsluvörur og flutningatæki svo og annan óhjákvæmilegan kostnað. Það vekur athygli, að hlutdeild tolla, skatta og opinberra gjalda í heildarfjárfestingunni er um 20%.
8. Ef 15 ára endurgreiðslutími og 12% ársvextir eru notaðir á fjárfestinguna, þá verður kostnaðarverð sykursins FIM 2,4/kg. Þegar 36% verslunarálagningu er bætt við, fæst verðið ísl. kr. 350/kg á venjulegum kristölluðum sykri. Þetta verð er vel samkeppnishæft við sykurverð eins og það var á Íslandi í nóvember-desember 1979.  
Almennt er hægt að draga þá ályktun, að sykurframleiðsla á Íslandi tryggi sykurverð til neytenda, sem er hóflegt og sambærilegt verðlagi í öðrum Evrópulöndum.  
Þetta er mögulegt við núverandi aðstæður án niðurgreiðslna eða með lítills háttar stuðningi eins og tíðkast í flestum löndum Evrópu.
9. Hin áframhaldandi mikla hækkun á eldsneytisverði eykur stöðugt verðið á hreinsuðum sykri á heimsmarkaðinum. Þar sem jarðvarmi er fyrir hendi á Íslandi, býður eigin sykurframleiðsla upp á mikilvægan möguleika til að hagnýta þessa orku. Þurrkun lokamelassans í fóður eykur enn notkunargildi jarðvarmans.
10. Þjóðhagsleg áhrif fjárfestingarinnar verða í fyrsta lagi tiltölulega jafnt og hóflegt sykurverð, í öðru lagi næst umtalsverður gjaldeyrissparnaður, um það bil FIM 15—18 milljónir á ári. Þar fyrir utan er hægt að reikna með hagstæðum áhrifum á atvinnuástandið, þar sem verksmiðjan býður upp á ný störf fyrir 60—70 manns. Einnig hlýtur hin nýja tækni sem berst til landsins að vera áhugaverð.

#### **Starfshópur iðnaðarráðuneytisins.**

Iðnaðarráðuneytið skipaði 6. maí 1980 starfshóp til þess að yfirfara skýrslu Áhugafélags um sykuriðnað hf. og Finska Socker AB.

Samkvæmt bréfi ráðuneytisins bar starfshópnum að leggja mat á niðurstöður skýrslunnar og tæknilegar forsendur og hagkvæmni þess að reisa og reka sykurverksmiðju í Hveragerði. Jafnframt bar starfshópnum að athuga aðra framleiðslu, sem tengst gæti rekstri verksmiðjunnar og ábendingar hafa komið fram um.

Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum í janúar 1981, og var skýrslu starfshópsins dreift á Alþingi í maí 1981.

#### **Arðsemi.**

Mat á arðsemi sykurverksmiðju er ekki einfalt mál. Verð á aðföngum (melassa) hefur verið nokkuð stöðugt en stórar sveiflur hafa verið á verði hvítasykurs.

Áhugafélag um sykuriðnað hf. og starfshópur ráðuneytisins voru ekki sammála um viðmiðunarverð á melassamjöli og verð á sykri frá verksmiðjunni. ÁS telur eðlilegt að miðað sé við meðalverð árána 1970—1980 og reyndist það vera 2,90 FIM/kg, en starfshópur ráðuneytisins taldi eðlilegt að miðað við 2,50 FIM/kg. Einnig eru skiptar skoðanir um á

hvaða verði ætti að reikna melassamjölið og hvort verksmiðjan geti selt allt það magn af melassamjöli sem til fellur.

Reiknað er með að framleiða um 10 000 tonn af sykri, en við þá framleiðslu falla til 10 000 tonn af melassamjöli. Verður melassamjölið notað í fóður og kemur að hluta í stað innflutts fóðurkorns. Veltur á miklu hvaða viðtökur melassamjölið fær hjá bændum.

Melassi hefur verið gefinn búfé í mörgum löndum og í Finnlandi hefur búfé verið gefinn lokamelassi. ÁS áætla verð á melassamjöli 1,92 kr/kg (verðlag júlí 1981) og er það verð vel samkeppnisfært við innflutt fóðurkorn.

Í desember 1981 leggur Áhugafélag um sykuriðnað hf. fram endurmetna útreikninga um stofnkostnað, reksturskostnað og arðsemi fyrirhugaðrar sykurvinnslu í Hveragerði og eru allar tölur færðar til verðlags í júlí 1981 (sbr. fylgiskjal 1). Miðað við þær forsendur sem ÁS setur til grundvallar sínum útreikningum er hér um arðbært fyrirtæki að ræða.

### Reksturskostnaður.

Í endurskoðaðri áætlun ÁS eru helstu kostnaðarliðir í rekstri fyrirhugaðrar sykurvinnslu þessir:

	3. starfsárið	15. starfsárið
Hráfnisútgjöld (melassi) .....	33,9%	56,3%
Umbúðir .....	3,25%	5,4%
Kemisk efni .....	2,45%	4,1%
Launakostnaður í heild .....	15,3%	25,4%
Skrifstofukostnaður (án launakostnaðar) .....	1,6%	2,7%
Ferskvatn og frárennsli .....	0,5%	0,75%
Flutningskostnaður innanlands .....	0,9%	1,45%
Varahlutir og aðkeypt viðhald .....	3,9%	6,4%
Hreinsun borhola (gufa og rafmagn) .....	0,4%	0,6%
Opinber gjöld .....	2,2%	2,6%
Vextir .....	6,2%	-7,6% <sup>1)</sup>
Afskriftir .....	29,5%	1,9%
	100,0%	100,0%
Heildarkostnaður mFIM .....	35 665	21 455
Heildarkostnaður mÍKr (gengi 1.3.82) .....	76 673	46 124

1) Á 15. starfsári hefur verksmiðjan þó nokkrar vaxtatekjur.

### Stofnkostnaður.

Stofnkostnaður fyrirhugaðrar sykurvinnslu er reiknaður í finnskum mörkum miðað við verðlag í júlí 1981.

Byggingar, hönnun, eftirlit og vextir á byggingartíma .....	20,7 m FIM
Vélar, hönnun, eftirlit, gangsetning, þjálfun og vextir af vélabúnaði á byggingartíma .....	84,3 m FIM
Rekstrarfé .....	7,3 m FIM
	112,3 m FIM

Þetta samsvarar að stofnkostnaður sykurverksmiðju í Hveragerði sé 241 millj. kr. (gengi 1. mars 1982).

Aðflutningsgjöld eru ekki innifalin í stofnkostnaði enda gert ráð fyrir að þau falli niður samkvæmt frumvarpi þessu.

Í stofnkostnaðartölum er innifalinn kostnaður við lóð og geyma í Porlákshöfn, en melassa hráefninu mun verða skipað upp þar.

Alls munu um 70 manns starfa við verksmiðjuna.

### Staðsetning og orkubúskapur.

Áhugafélag um sykuriðnað hf. stefnir að því að reist verði sykurverksmiðja í Hveragerði. Staðarkostir felast fyrst og fremst í nálægð við jarðgufu. Samkvæmt uppdrætti er verksmiðjunni ætlaður staður við mynni Grænadals. Ríkið á þetta land og var það á sínum tíma keypt að frumkvæði raforkumálastjórnarinnar með það fyrir augum, að nýting lands og jarðhita á þessum hluta, ásamt því landi sem ríkið átti fyrir í Ölfusdal, færi sem best saman. Jarðhitasvæðið í Ölfusdal er hluti af háhitasvæðinu í Henglinum og er einstakt að því leyti hvað það stendur nálægt byggð.

Fyrir eru á þessu svæði fjórar borholur, sem mögulegt væri að nýta í tengslum við verksmiðjuna.

Orkustofnun hefur framkvæmt mælingar á tveimur þeirra, og reyndust þær vera nothæfar. Þrátt fyrir þetta hefur ÁS innfalið í áætlun sinni allan stofn- og reksturskostnað þriggja nýrra 1000 m djúpra borhola ásamt tilheyrandi gufuveitu fyrir verksmiðjuna. Af þessum þremur borholum yrði ein ávallt til vara, ef loka þyrfti annarri hinna holanna vegna t. d. hreinsana eða bilana.

Gert er ráð fyrir því, að verksmiðjan framleiði raforku til eigin þarfa úr jarðgufu, og er gert ráð fyrir því í áætlunum um borholur og gufuveitu.

Orkukostnaður í heild er áætlaður um 7% af framleiðslukostnaðarverði sykurs. Í samþærilegri verksmiðju erlendis, sem fullnægði orkuþörf sinni með olíu, yrði orkukostnaður um 24% af kostnaðarverði innflutts sykurs, sem kominn væri í vörugæmslu heildsala á Íslandi.

Árlegur orkukostnaður sundurliðast þannig:

Fjármagnskostnaður .....	5,2% af sykurverði
Hreinsanir borhola .....	0,4% af sykurverði
Varahlutir og aðkeyptar viðgerðir .....	0,8% af sykurverði
Viðhaldsvinna fastra starfsmanna .....	0,6% af sykurverði

Samtals 7,0% af sykurverði

### Markaður fyrir hvítan sykur.

Sykurnotkun hér á landi var árið 1980 9 723 tonn, og er skipting á þeirri notkun sýnd á fylgiskjali 2, sem unnið er af Félagi íslenskra iðnrekenda. Á þessu yfirliti kemur fram að heimili nota um 30% af innfluttum sykri en iðnaður ýmiss konar notar 70% af innfluttu sykurmagni.

Framboð á hrásykri og þar með hvítum sykri er mjög háð ræktun á sykurreyr og sykurrófum. Uppboðsverð á hrásykri hefur sveiflast mjög undanfarna áratugi. Verðbreytingar á sykri hafa leitt til þess að tilraunir hafa verið gerðar til þess að hafa stjórn á ræktun á sykurreyr og sykurrófum, framboði á hrásykri og söluverði. Fyrir nokkrum árum tókst að sameina framleiðendur á 95% af hrásykri í Alþjóðlega sykursambandinu (The International Sugar Organisation). Ísland er ekki aðili að þessum samtökum en til að mynda eru Norðmenn aðilar.

Verð á hvítum sykri hefur haldist lágt undanfarin tvö ár og seinustu mánuði hefur innflutningsverð á sykri farið lækkandi. Mjög erfitt er að spá fyrir um verðþróunina.

### Vernd innlestrar sykurframleiðslu.

Með bréfi ÁS dags. 7. desember 1981 til iðnaðarráðuneytisins er spurst fyrir hvort ráðuneytið vilji beita sér fyrir því, að sykurvinnslu í Hveragerði verði tryggður sykurmarkaðurinn á Íslandi t. d. í tíu ár. Starfshópur ráðuneytisins áleit að nauðsynlegt kynni að reynast að setja lög um sykurinnflutning og afurðir er innihalda sykur. Ef sett eru lög um að

sykurinnflutningur verði háður leyfum og tollaður til jöfnunar á framleiðslukostnaði íslenskrar sykurverksmiðju, þá yrði jafnframt nauðsynlegt að leggja verðjöfnunartolla á allar þær vörur er innihalda sykur, eigi samkeppnisaðstaða innlends iðnaðar ekki að raskast. Slík lagasetning yrði erfið í framkvæmd og útheimti mikla skriffinnsku. Iðnaðarráðuneytið leggur því til að ekki verði sett lög um sykurinnflutning.

Ráðuneytið vill í þessu sambandi benda á þær aðgerðir sem framkvæma má innan ramma viðskiptasamninga Íslands við önnur lönd til að koma í veg fyrir undirboð o. fl. Í löndum Efnahagsbandalags Evrópu eru í gildi reglur um viðmiðunarverð á sykri og sykurvörum, nefnist verð þetta þröskuldarverð (threshold price).

Leitað var eftir álitum Félags íslenskra iðnrekenda á þessu atriði og kemur sjónarmið félagsins fram á fylgiskjali 3.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. og 2. gr.

Reiknað er með að ríkissjóður leggi fram allt að 40% af hlutafé og ábyrgist allt að 25% af heildarlánstjórþörf vegna stofnkostnaðar fyrirtækisins. Stofnkostnaður sykurverksmiðjunnar er áætlaður um 241 m. kr. 1. mars 1982. Framlög og ábyrgðir ríkissjóðs eru í samræmi við þessar tölur. Miðað er við að hlutafé verði um 30% af stofnkostnaði fyrirtækisins.

Um 3. gr.

Um stjórn félagsins fer samkvæmt hlutafélagalögum og samþykktum félagsins. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður gæti eigandahagsmuna sinna í hlutafélaginu á sama hátt og aðrir hluthafar.

Um 4. gr.

Stefna ber að því að vernda umhverfi væntanlegrar sykurverksmiðju fyrir röskun af hennar völdum og skapa þar sem best starfsskilyrði.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringa.

#### **Um ákvæði til bráðabirgða.**

Rétt þykir með hliðsjón af ákvæðum 1. gr., 2. gr. 1. mgr. og 2. gr. 2. mgr. að kveða sérstaklega á um að ríkissjóður takist ekki á hendur fjárskuldbindingar vegna stofnunar félagsins fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé.

#### **Fylgiskjal I**

##### **Sykurvinnsla í Hveragerði.**

Endurskoðun kostnaðar og sykurverð. — Verðlag í júlí 1981.

Reykjavík, 4. des. 1981.

Guðmundur Björnsson.

##### **Inngangur.**

Sumarið 1981 ræddu fulltrúar Áhugafélags um sykuriðnað hf. (ÁS) og Finska Socker AB (FS) við iðnaðarráðherra, iðnaðarráðuneytið og starfshóp iðnaðarráðuneytisins um þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um byggingu og rekstur sykurverksmiðju í Hveragerði.

Þessar áætlanir voru byggðar á stofn- og reksturskostnaðartölum, sem miðaðar voru við verðlag í nóv. 1979. Arðsemireikningar voru byggðir á sama verðlagi en voru miðaðir við vegið meðalverð sykurs, sem fluttur var inn til Íslands á árunum 1970—1980.

Vegna fyrirhugaðrar athugunar þessara áætlana og ákvarðana um framhald málsins þótti fyrrgreindum aðilum, sem stóðu að gerð upphaflegra áætlana, æskilegt að endurskoða þær með gagnrýni og færa til núverandi verðlags. Jafnframt yrði hægt að kanna arðsemi sykurvinnslu í Hveragerði, þar sem byggt yrði á hinum endurskoðuðu kostnaðartölum svo og á þróun sykurverðs á Íslandi fram eftir yfirstandandi ári. Fljótlega var ákveðið, að þetta skyldi gert, og hafa niðurstöðurnar verið dregnar saman í eftirfarandi gögnum. Allar kostnaðartölur eru miðaðar við verðlag í júlímánuði 1981 og gengi erlendra gjaldmiðla 15. 7. 1981.

### 1. Stofnkostnaður.

Í yfirliti um stofnkostnað eru sýndar bæði eldri áætlunartölur, sem miðaðar voru við verðlag í nóv. 1979, og nýju tölurnar, sem nú eru miðaðar við verðlag í júlímánuði 1981 og gengisskráningar 15. 7. 1981.

Niðurstöður eru eftirfarandi:

	Nóv. 1979	Júlí 1981
Byggingar, hönnun, eftirlit og vextir á byggingartíma	16,5 MFIM	20,7 MFIM
Vélar, hönnun, eftirlit, leyfisgjald, gangsetning og þjálfun, vextir á byggingartíma	68,0 MFIM	84,3 MFIM
	84,5 MFIM	105,0 MFIM
Rekstrarfé	6,5 MFIM	7,3 MFIM
Fjárþörf samtals í fi. mörkum	91,0 MFIM	112,3 MFIM
Fjárþörf samtals í isl. krónum	149,7 MÍKr	184,7 MÍKr
Aðflutningsgjöld og söluskattur er ekki innifalinn að ofan, en þessi gjöld eru áætluð	36,0 MÍKr	48,3 MÍKr

Við endurskoðun kostnaðar nú hafa leiðréttingar verið gerðar, þar sem skekkjur hafa fundizt. Þessar leiðréttingar eru allar minni háttar. Stofnkostnaður á nóvemberverðlagi 1979 er nú talinn vera 84,5 MFIM í stað 83,2 MFIM.

Aðflutningsgjöld hafa einnig verið leiðrétt til hækkunar um tæp 4% frá fyrri tölu.

Við gerð kostnaðaráætlana nú hefur verið byggt á nýjustu upplýsingum um verð efnis og tækja, og hefur komið í ljós, að hækkunir reynast vera breytilegar eins og yfirlitstafla stofnkostnaðar ber með sér.

Gengi: 15.7.'81 IFIM = 1,645 ÍKR.  
Gengi: Növ.'75 IFIM = 1,02408 ÍKR.

Tölur eru þús. FIM.

Stofnkostnaður

Nr.	Heiti	Efn. kostn.		Flutn. — Tæki		Innl. kostn.		Samtals		Aðflutningsgjöld 1981		Samtals	
		Növ. '79	Júli '81	Növ. '79	Júli '81	Növ. '79	Júli '81	Növ. 1979	Júli 1981	Tollur Vörugi.	Jöfnunar-gjald		Sölu-skattur
1	Geymar í Þorlákshöfn, bygg., lóð ..	1 018	1 217	150	180	1 931	2 510	3 099	3 907	91,94	24,64	687,08	803,66
2	Stun og skiljun .....	9 797	11 756	1 129	1 355	863	1 122	11 789	14 232	4 431,83	28,53	4 542,18	9 002,54
3	Eiming .....	3 297	3 956	263	315	659	857	4 219	5 128	66,94	7,68	1 134,69	1 209,31
4	Hreinsun (Raffinaderi) .....	4 805	5 766	408	489	900	1 170	6 113	7 425	380,82	25,61	1 722,05	2 128,48
5	Innpökun á framl.vörum .....	2 450	2 940	197	236	290	377	2 937	3 553	184,92	16,36	873,13	1 074,41
6	Lokamellassapurkun .....	7 915	9 479	795	952	6 980	9 068	15 690	19 499	2 063,75	0,00	2 780,52	4 844,27
7	Framleiðsla jarðgufu og raforku ..	2 183	2 206	702	864	6 624	9 250	9 509	12 320	1 192,78	0,00	923,55	2 116,33
8	Þrýstiloftskerfi .....	169	203	11	14	41	53	221	270	30,55	0,25	63,95	94,75
9	Sameiginlegar pipuleiðslur .....	143	172	21	25	87	113	251	310	6,57	0,00	52,57	59,14
10	Einangrunarkostn. í verksm. ....	Innifalinn í öðrum liðum											
11	Stýritæki í verksmiðju .....	2 419	2 782	242	278	921	1 198	3 582	4 258	2 063,00	0,00	1 324,00	3 387,00
12	Rafbúnaður .....	965	1 087	97	109	587	880	1 649	2 076	738,61	0,00	493,27	1 231,88
13	Verkstæðisvélar .....	680	816	68	82	20	26	768	924	76,03	0,00	251,68	327,71
14	Efnarannsóknatæki .....	290	363	29	36	10	13	329	412	130,31	0,00	136,76	267,07
15	Bifreiðar, lyftari, bílavog .....	1 920	2 304	88	106	25	32	2 033	2 442	13,86	0,00	54,77	68,63
16	Aðalbygging og lóð í Hveragerði ..	305	308	31	31	9 807	12 564	10 143	12 903	102,09	0,00	124,91	227,00
17	Undirstöður geyma í Hveragerði ..	Innifalinn í öðrum liðum											
18	Jarðvinna á lóð í Hveragerði .....	Innifalinn í öðrum liðum											
19	Aðstaða á bygg.tíma, gæzla, raforka	800	960	80	96	350	435	350	455				
20	Varahlutir .....	500	600			500	650	1 000	1 250	200,0	3,00	325,00	528,00
21	Gangsetning og þjálfun .....												
22	Hönnun og efirlit á FS-tækjum .....	3 000	3 600					3 000	3 600				
23	Leyfisgjald til FS .....												
24	Samtals	4 311	5 168	4 311	5 168	79 724	98 733	11 774,00	106,07	15 490,11	27 370,18		
25	Flutn.kostn. (innif. annars staðar) ..	4 311	5 168										
25.1	Vanreiknaður flutningskostnaður ..	3 132	4 120										
	Aðflutningsgjöld í bygg.kostn. ....											1 065,10	1 065,00
26	Vextir á byggingartíma .....												+ 916,00
28	Rekstrarfé .....	Samtals 1—26											
		84 536	104 937										29 351,18
		6 500	7 300										
29	Fjármagnsþörf .....	91 036 112 237											



## 2. Sykurverð á Íslandi.

Fyrir liggja upplýsingar um verð á innfluttum sykri til októberloka 1981. Á verðlagi í júlí 1981 hefur vegið meðalverð hvítasykurs í umbúðum til heildsala reynzt vera:

allt árið 1980 .....	5,51 Nýkr/kg
í janúar 1981 .....	6,81 Nýkr/kg
í apríl .....	6,22 Nýkr/kg
í júlí .....	5,00 Nýkr/kg
í október .....	4,08 Nýkr/kg

Pegar meðalverð innflutts sykurs á árunum 1970—1981 er reiknað til verðlags í júlí 1981, er nú eins og fyrr miðað við þróun verðlags í Vestur-Þýzkalandi á þessu tímabili og gengisskráningu vesturþýzka marksins (DM) í íslenskum krónum á sama tímabili. Þessi aðferð við að meta sykurverð yfir margra ára tímabil leiðir til varfærnislegri niðurstöðu en fást myndi við að miða við verðlags- og gengisþróun annars lands. Um þetta og frekari rök vísast til greinargerðar Hinriks Guðmundssonar og Guðmundar Björnssonar frá 13. marz, 1981. Niðurstöður þessara reikninga leiða til meðalverðsins **2,83 FIM/kg** til íslenskra heildsala á öllu tímabilinu 1970—1981. Þetta verð svarar til 4,66 ÍKr/kg, en það er jafnt því sykurverði, sem í reynd var í lok september 1981 hér á landi.

Á það skal bent, að á tímabilinu frá nóvember 1979 til júlí 1981 hefur þróun gengis og verðbólgu verið með eftirfarandi hætti:

	Verðhækkun	Verðbólga
Finnland .....	FIM 60,6%	21%
V-Þýzkaland .....	DM 41,0%	1%
Danmörk .....	DK 32,8%	21%
Bandaríkin .....	USD 90,2%	25%

Pegar verðmörk alþjóðlega sykursamningsins á hrásykri, sem miðuð eru við bandaríkjadal, eru reiknuð til hvítasykurverðs á Íslandi, sbr. greinargerð HG og GB frá 13. marz, 1981, þá fæst viðmiðunarverðið 3,63 FIM/kg sem meðalverð.

## 3. Verðlagning lokamelassamjöls.

Eðlilegt þykir, að verð á melassamjöli verði eins og áður áætlað um 80% af verði malaðs fódurkorns miðað við sama þurrefnispunga. Verzlunarskýrslur sýna, að meðalverð á máis hefur verið um 15% hærra en á byggi. Ennfremur hefur innflutningur á máis verið um 57% og á byggi um 43% af samanlögðum innflutningi þessara fódurkorntegunda.


Á verðlagi í júlí 1981 verður reiknað meðalverð melassamjöls á tímabilinu 1970—1980 1,17 FIM/kg, en það svarar til 1,92 ÍKr/kg, og er þar ekki innifalinn fódurbætisskattur.

## 4. Verðlagning frummelassa.

Meðalverð frummelassa á tímabilinu 1970—1980 var fundið í greinargerð HG og GB frá 13. marz, 1981. Það var 500 FIM/tonn á verðlagi í nóvember 1979.

Pegar þetta meðalverð er reiknað til verðlags og gengis í júlí 1981, fæst verðið 483 FIM/tonn, CIF í Þorlákshöfn.

Finska Socker AB upplýsir, að miðað við verðlag og gengi 15. 7. 1981 sé verð á frummelassa 452 FIM/tonn, CIF Þorlákshöfn.



⊗ Áættlaður framleiðslukostnaður samkvæmt átti starfshóps iðnaðarráðuneytisins.

X Áættlaður framleiðslukostnaður samkvæmt skýrslu AS/FS.

FIM = finnsk mörk.

## 5. Arðsemi sykurvinnslunnar.

Könnuð hefur verið arðsemi sykurvinnslunnar á grundvelli fyrrgreindra forsendna. Útreikningarnir eru gerðir á sama hátt og gert var í greinargerð HG og GB frá 13. marz 1981, og eru meginniðurstöður óbreyttar. Þessir útreikningar eru sýndir í eftirfarandi töflum 1 og 2.

Við arðsemireikninga hafa allir rekstrarkostnaðarliðir verið endurmetnir og færðir til verðlags í júlí 1981. Kostnaður við kaup gufu og framleiðslu raforku fyrir eigin þarfir, hreinsun og kælingu frárennslisvatns, kaup efnavara og umbúða, viðhald, flutninga, vinnulaun, stjórnun, váttryggingar svo og fjármagnskostnaður hefur þannig verið endurreiknaður.

Niðurstöður þessara útreikninga sýna, að árlegir afkastavextir yrðu 29,4%, sem þýðir, að fyrirtækið yrði mjög arðsamt. 1)

Ef miðað er við, að hæfilegur arður væri af rekstri sykurvinnslu í Hveragerði eða um 10% af veltu, áður en tekju- og eignaskattar yrðu greiddir, myndi framleiðsluverð sykurs verða eftirfarandi, sbr. töflur 3 og 4:

a) á 4. starfsári	2,71 FIM/kg eða 4,46 ÍKr/kg
b) á 9. starfsári	1,40 FIM/kg eða 2,30 ÍKr/kg
c) á 15. starfsári	1,37 FIM/kg eða 2,25 ÍKr/kg

Þessar tölur lýsa eins og bezt verður á kosið, hve sterk samkeppnisaðstaða fyrirtækisins yrði eftir tiltölulega fá starfsár.

Við endurskoðun kostnaðar- og rekstraráætlana svo og við val allra helztu forsendna hefur verið haft náið samráð við Hinrik Guðmundsson, verkfræðing, stjórnarformann Áhugafélags um sykuriðnað hf.

Reykjavík, 4. des. 1981  
Guðmundur Björnsson

### 1) Athugasemd iðnaðarráðuneytisins.

Í arðsemisútreikningum þeim, sem hér eru sýndir, er sjóðstreymi (nettó), ásamt hrakvirði varanlegra rekstrarfjármuna og andvirði veltufjármuna, reiknað til núvirðis. Í útreikningum þessum er leitað að þeim vöxtum, sem gera uppsafnað núvirði jafnt og hlutfjárframlagið. Eru þá fundnir afkastavextir fjárfestingarinnar, þ. e. hvaða ávöxtun hluthafar geta búist við af því fé, sem þeir lögðu í fjárfestinguna í upphafi.

Sykurverð á Íslandi: 2,83 FIM/kg til heildsala  
 Verð lokamelassamjòls: 1,17 FIM/kg til heildsala  
 Verð frummelassa: 483 FIM/tonn, CIF í Þorlákshöfn

Arðsemiútreikningur, Tafla 1

Upphæðir í MFIM

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15

Verðlag  
 15. 7. 1981  
 Gengi:  
 1 FIM =  
 1 645 ÍKr.

Fjármunir ..... 20,7  
 Byggingar ..... 84,3  
 Vélar .....

– Afskrifir ..... 10,53 10,53 10,53 10,53 10,53 10,53 10,53 5,44 0,41 0,41 0,41 0,41 0,41 0,41 0,41 0,41

Varanlegt rekstrarfjármagn 105,0 94,47 83,94 73,41 62,88 52,35 41,82 31,29 25,85 25,44 25,03 24,62 24,21 23,80 23,39 22,98

Veltufjármunir ..... 7,3 8,34 9,62 10,10 10,10 10,10 10,10 10,10 10,10 10,10 10,10 10,10 10,10 10,10 10,10 10,10

Handbært fé ..... 6,80 16,01 23,30 31,96 40,80 44,22 47,81 49,11 48,07 47,07 50,35 53,67 57,02 60,40 63,82

Fjármunir alls 112,3 109,6 109,5 106,8 104,9 103,2 96,1 89,2 85,0 83,6 82,2 85,0 87,9 90,9 93,8 96,9

**Fjármagn**

Lán ..... 90,0 90, 90,0 90,0 85,75 81,50 77,25 67,40 57,55 47,70 37,85 28,00 22,40 16,80 11,20 5,60

– Afborganir ..... 0,0 0,0 0,0 4,25 4,25 4,25 9,85 9,85 9,85 9,85 9,85 5,60 5,60 5,60 5,60 5,60

Lánastaða ..... 90,0 90,0 90,0 85,75 81,50 77,25 67,40 57,55 47,70 37,85 28,00 22,40 16,80 11,20 5,60 0,00

Hlutfé ..... 22,3 22,3 22,3 22,3 22,3 22,3 22,3 22,3 22,3 22,3 22,3 22,3 22,3 22,3 22,3 22,3

Annað eigrð fé ..... 0,0 –2,69 –2,73 –1,24 1,14 3,70 6,44 9,35 15,06 23,46 31,90 40,37 48,88 57,44 65,99 74,60

Fjármagn alls 112,3 109,6 109,5 106,8 104,9 103,2 96,1 89,2 85,0 83,6 82,2 85,0 87,9 90,9 93,8 96,9

**Sjóðstaða**

Hagnaður + afskrifir ..... 6,80 9,21 11,54 12,91 13,09 13,27 13,44 11,15 8,81 8,85 8,88 8,92 8,95 8,98 9,02

– Afborganir ..... 0,0 0,0 4,25 4,25 4,25 9,85 9,85 9,85 9,85 9,85 5,60 5,60 5,60 5,60 5,60 5,60

Sjóðstaða 6,80 9,21 7,29 8,66 8,84 3,42 3,59 1,30 –1,04 –1,00 3,28 3,32 3,35 3,38 3,42

Návirði ..... 22,3 5,26 5,50 3,36 3,09 2,44 0,73 0,59 0,17 –0,10 –0,08 0,19 0,15 0,12 0,09 0,07 0,69

Afkastavextir 29,4%

33,8

**Arðsemtútreikningur, Tafla 2**

Sykurverð á Íslandi: 2,83 FIM/kg til heildsala  
 Verð lokamelassamjòls: 1,17 FIM/kg til heildsala  
 Verð frummelassa: 483 FIM/tonn, CIF í Þorlákshöfn

	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
<b>Tekjur</b>																
Hvítur sykur .....		22,64	25,47	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30
Melassamjöl .....		5,85	7,02	9,36	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70
<b>Tekjur alls</b>		28,49	32,49	37,66	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00
<b>Gjöld</b>																
Hráæfniskostnaður .....		9,66	10,87	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07
Aðrar breytilegur kostn. . .		7,62	8,17	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08
<b>Framlegð</b>		11,21	13,45	16,51	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85
Stjórnunarkostnaður .....		0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98
Opinber gjöld .....		0,73	0,76	0,79	0,78	0,77	0,77	0,76	0,67	0,59	0,58	0,58	0,57	0,57	0,57	0,56
<b>Rekstrarhagnaður</b>		9,50	11,71	14,74	17,09	17,10	17,10	17,11	17,20	17,28	17,29	17,29	17,30	17,30	17,30	17,31
Vextir .....		2,70	2,50	2,22	1,87	1,49	1,09	0,70	0,29	-0,04	-0,31	-0,57	-0,84	-1,11	-1,37	-1,64
<b>Hagnaður fyrir afskriftir</b>		6,80	9,21	12,52	15,22	15,61	16,01	16,41	16,91	17,32	17,60	17,86	18,14	18,41	18,67	18,95
Afskriftir .....		10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	5,44	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		-3,73	-1,32	1,99	4,69	5,08	5,48	5,88	11,47	16,91	17,19	17,45	17,73	18,00	18,26	18,54
Tekju- og eignaskattur ...		0,00	0,00	0,98	2,31	2,52	2,74	2,97	5,76	8,51	8,75	8,98	9,22	9,46	9,69	9,93
<b>Hagnaður eftir afskr. gsk.</b>		-3,73	-1,32	1,01	2,38	2,56	2,74	2,91	5,71	8,40	8,44	8,47	8,51	8,54	8,57	8,61
<b>Hagnaður + afskriftir</b>		6,80	9,21	11,54	12,91	13,09	13,27	13,44	11,15	8,81	8,85	8,88	8,92	8,95	8,98	9,02

Verðlag  
 15. 7. 1981  
 Gengi:  
 1 FIM =  
 1 645 ÍKr.

Arðsemitreikningur, Tafla 3

Verð lokamelassamjòls: 1,17 FIM/kg til heildsala  
 Verð frummelassa: 483 FIM/tonn, CIF í Þorlákshöfn

Upphæðir í MFIM

	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
Fjármunir																
Byggingar																
Vélar																
Afskriftir	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	5,44	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41
Varanlegir rekstrar- fjármunir	105,0	94,47	83,94	73,41	62,88	52,35	41,82	31,29	25,85	22,44	25,03	24,62	24,21	23,80	23,39	22,98
Veltufjármunir	7,3	8,34	9,62	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10
Handbært fé	0,0	6,80	16,01	23,30	31,37	39,41	41,82	44,15	41,17	32,83	24,47	20,34	16,20	12,05	7,88	3,70
Fjármunir alls	112,3	109,6	109,5	106,8	104,3	101,8	93,7	85,5	77,1	68,3	59,6	55,0	50,5	45,9	41,3	36,7
<b>Fjármagn</b>																
Lán	90,0															
Afborganir	0,0	0,0	0,0	4,25	4,25	4,25	9,85	9,85	9,85	9,85	9,85	5,60	5,60	5,60	5,60	5,60
Lánastaða	90,0	90,0	90,0	85,75	81,50	77,25	67,40	57,55	47,70	37,85	28,00	22,40	16,80	11,20	5,60	0,00
Hlutafé	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3
Annað eigið fé	0,0	-2,69	-2,73	-1,24	0,55	2,31	4,04	5,73	7,12	8,22	9,30	10,36	11,41	12,45	13,47	14,48
Fjármagn alls	112,3	109,6	109,5	106,8	104,3	101,8	93,7	85,5	77,1	68,3	59,6	55,0	50,5	45,9	41,3	36,7
<b>Sjóðstaða</b>																
Hagnaður + afskriftir	6,80	9,21	11,54	12,32	12,29	12,26	12,22	6,83	1,51	1,49	1,47	1,46	1,46	1,45	1,43	1,42
Afborganir	0,0	0,0	4,25	4,25	4,25	9,85	9,85	9,85	9,85	9,85	9,85	5,60	5,60	5,60	5,60	5,60
Sjóðstaða	6,80	9,21	7,29	8,07	8,04	2,41	2,37	-3,02	-8,34	-8,36	-4,13	-4,14	-4,15	-4,17	-4,18	
Núvirði	22,3	5,78	6,65	4,47	4,21	3,56	0,91	0,76	-0,82	-1,92	-1,64	-0,69	-0,59	-0,50	-0,43	-0,36
Afkastavextir 17,7%																

Verðlag  
 15. 7. 1981  
 Gengi:  
 1 FIM =  
 1 645 ÍKr.

33,08

Verð lokamelassamjòls: 1,17 FIM/kg þurrefnis  
 Verð frummelassa: 483 FIM/tonn, CIF í Þorlákshöfn.

Arðsemiútreikningur. Tafla 4.  
 Upphæðir í MFIM.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
Sykurverð til heildsala FIM/kg	2,83	2,83	2,83	2,71	2,67	2,63	2,59	1,98	1,40	1,39	1,39	1,38	1,38	1,37	1,37
<b>Tekjur</b>															
Hvítur sykur	2,64	25,47	28,30	27,14	26,72	26,33	25,91	19,82	13,96	13,91	13,86	13,81	13,77	13,71	13,67
Melassamjól	5,85	7,02	9,36	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70
Tekjur alls	28,49	32,49	37,66	38,84	38,42	38,03	37,61	31,52	25,66	25,61	25,56	25,51	25,47	25,41	25,37
<b>Gjöld</b>															
Hráefniskostnaður	9,66	10,87	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07
Annar breytilegur kostnaður	7,62	8,17	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08
Framlegð	11,21	13,45	16,51	17,69	17,27	16,88	16,46	10,37	4,51	4,46	4,41	4,36	4,32	4,26	4,22
Stjórnunarkostnaður	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98
Opinber gjöld	0,73	0,76	0,79	0,78	0,77	0,77	0,76	0,68	0,59	0,59	0,59	0,59	0,59	0,59	0,59
Rekstrathagnaður	9,50	11,71	14,74	15,93	15,52	15,13	14,72	8,71	2,94	2,89	2,84	2,79	2,79	2,69	2,65
Vextir	2,70	2,50	2,22	1,87	1,50	1,14	0,77	0,40	0,20	0,15	0,11	0,06	0,02	-0,03	-0,07
Hagnaður fyrir afskriftir	6,80	9,21	12,52	14,06	14,02	13,99	13,95	8,31	2,74	2,74	2,73	2,73	2,73	2,72	2,72
Afskriftir	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	5,44	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41
Hagnaður fyrir skatta	-3,73	-1,32	1,99	3,53	3,49	3,46	3,42	2,87	2,33	2,33	2,32	2,32	2,32	2,31	2,31
Tekju- og eignaskattur	0,00	0,00	0,98	1,74	1,73	1,73	1,73	1,48	1,23	1,25	1,26	1,27	1,28	1,29	1,30
Hagnaður eftir afskr. og sk.	-3,73	-1,32	1,01	1,79	1,76	1,73	1,69	1,39	1,10	1,08	1,06	1,05	1,04	1,02	1,01
Hagnaður + afskriftir	6,80	9,21	11,54	12,32	12,29	12,26	12,22	6,83	1,51	1,49	1,47	1,46	1,45	1,43	1,42

Verðlag  
 15. 7. 1981  
 Gengi:  
 1 FIM =  
 1 645 ÍKr.

## Fylgiskjal II.

### Sykurnotkun 1980.

#### Einkaneysla:

Heimili ..... 2 916 t 30%

#### Iðnaður:

Sælgætisiðnaður .....	736 t	7,5%		
Brauð- og kökugerð .....	957 t	9,8%		
Matarefni .....	733 t	7,5%		
Gosdrykkir .....	1 951 t	20,0%		
Matarís .....	191 t	2,0%		
Niðursuða og -lagning ....	1 100 t	11,2%		
Síld .....	900 t	9,25%		
Hrogn ...	200 t	2,00%		
Aðrar framleiðslugreinar .	1 139 t	12,0%		
Iðnaður samtals .....			6 834 t	70%
			Samtals	9 723 t 100%

## Fylgiskjal III.

Hr. Jafet S. Ólafsson 421.21 03.02.1982

Iðnaðarráðuneytinu

Arnarhvoli

101 Reykjavík

Í framhaldi af fundi okkar 22. jan. sl. um hugsanleg sykurlög eða innflutnings-takmarkanir á sykri, staðfestast hér með þau sjónarmið F.Í.I., sem fulltrúar félagsins báru fram á fundinum.

F.Í.I. telur að sykurlög eða aðrar aðgerðir er hefðu í för með sér hækkað hráefnisverð, væru brot á svokölluðu EFTA-lofordi frá 1969, sem m. a. kveður á um heimsmarkaðsverð á hráefnum til iðnaðar.

Þá samræmist það ekki sjónarmiðum F.Í.I., að ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu-greinum séu veitt sérkjör, heldur skuli almenn starfsskilyrði jafnan tryggja vöxt og viðgang iðnaðar í landinu.

Einnig er það alkunna, að hvers konar einkaleyfi og einokun, sem heftir valkosti og athafnafrelsi iðnfyrirtækja, vekur óbeit og gæti því spillt fyrir edlilegum viðskiptum sykur-framleiðandans og hráefniskaupenda.

Á fundinum töldu fulltrúar Áhugafélags um sykuriðnað rekstrargrundvöll sykurverk-smiðjunnar mjög traustan og benti ekkert í málflutningi þeirra til þess, að þörf væri sérstakra aðgerða fyrirtækinu til verndar.

Það skal tekið fram, að F.Í.I. hefur ekki tekið afstöðu til sjálfrar sykurverksmiðjunnar, arðsemi hennar eða þróunarmöguleika, enda slíkt ekki hlutverk félagsins. En að sjálfsögðu mun F.Í.I., sem fyrr, fagna sérhverri arðsamri nýsköpun í iðnaði.

Virðingarfyllst,  
FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA  
Valur Valsson,  
framkvæmdastjóri.